



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2024

## HJÚK3ÖH05

Hjúkrun aldraðra

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu og þá félagsþjónustu sem öldruðum stendur til boða. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt aldraðra og þau réttindi sem öldruðum eru tryggð samkvæmt lögum. Hugmyndafræði og helstu kenningar í öldrunarhjúkrun eru skoðaðar. Farið er yfir þær helstu andlegu, félagslegu og líkamlegu breytingar sem fylgja hækkandi aldri. Fjallað er um helstu sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem hrjá aldraða og viðeigandi hjúkrun. Kynntar eru aðferðir til þess að meta áhrif sjúkdóma og heilsubrests á virkni og vellíðan aldraðra. Fjallað er um mikilvægi heilbrigðis lífsstíls á efri árum með áherslu á forvarnir og heilsueflingu til að auka lífsgæði og vellíðan aldraðra. Sorg og sorgarviðbrögð eru tekin til umfjöllunar. Lögð er áhersla á sérstakar hjúkrunarþarfir einstaklinga við lífslok og líknarmeðferð. Mikil áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu, yfirsýn og heildræna nálgun við hjúkrun aldraðra hvort sem er á stofnunum eða á heimilum ásamt faglegum vinnubrögðum og viðurkenndri skráningu hjúkrunar.

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim líkamlegu, andlegu og félagslegu breytingum sem fylgja hækkandi aldri
- áhrifum algengra öldrunarsjúkdóma á virkni og lífsgæði aldraðra
- aðferðum og mælitækjum sem notuð eru til að meta vitsmunalega færni, sjálfsbjargargetu og aðstæður aldraðra
- forvarnargildi og mikilvægi heilbrigðis lífsstíls á efri árum
- þeirri þjónustu og stuðningi sem öldruðum stendur til boða í samfélaginu
- kenningum sem fjalla um aðlögun að heilsubresti, sorg og missi
- lífsloka- og líknarmeðferð
- þverfaglegri teymisvinnu í málefnum aldraðra
- viðurkenndri hjúkrunarskráningu

**Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera greinarmun á eðlilegum öldrunarbreytingum og sjúkdómsástandi aldraðra
- greina áhrif öldrunarbreytinga á virkni og lífsgæði aldraðra
- fræða aldraða um heilbrigðan lífsstíl og þá þjónustu sem þeim stendur til boða í samfélaginu
- hagnýta sér kenningar um aðlögun að sorg og missi í hjúkrunarstörfum
- nota viðurkennda hjúkrunarskráningu

**Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í þverfaglegri teymisvinnu um málefni aldraðra
- nota viðurkenndar aðferðir og kvarða til þess að meta sjálfbjargargetu aldraðra
- hjúkra öldruðum á heildrænan hátt með tilliti til félagslegs, andlegs og líkamlegs ástands
- hjúkra öldruðum við líknandi meðferð og við lífslok
- miðla á faglegan

**Námsefni:** Efni frá kennara.

## Áætlun yfirferðar:

Vika	Dagsetningar	Viðfangsefni
1-2	1/1 - 12/1	Öldrun og líkamsbreytingar.
3		Félagsleg staða og heilsuvernd.
4		Þjónusta við aldraða og öldrunarhjúkrun. KÖNNUN.
5		Hjartasjúkdómar og heilablóðfall.
6		Heilabilun og umönnun heilabilaðra.
7		Svefntruflanir og umönnun deyjandi skjólstæðinga. KÖNNUN.
8	19/2 - 23/2 Vetrarfrí 19+20/2	Val á ritgerðarefni og ritgerðarvinna.
9-11	26/2 - 15/3	VERKNÁM
12	18/3 - 22/3	Ritgerðarvinna.
13	PÁSKAFRÍ	
14	1/4 - 5/4	Ritgerðarvinna.
15	8/4 - 12/4	Ritgerðarvinna.
16	15/4 - 19/4	Kynning á ritgerð flutt í tíma.
17	22/4 - 26/4	Heimsókn í dagdvöl.
18-19	29/4 - 8/5	Upprifjun. Síðasti kennsludagur er 8/5.

## Námsmat:

Tegund	Lýsing	Vægi
Verkefni og umræður:	Verkefnavinna og umræður í tímum.	20%
Ritgerð:	Ritgerðarefni úr námsefni.	20%
Lokapróf:	Próf úr öllu námsefninu.	60%

Nemandi þarf að skila 90% af öllum verkefnum sem sett eru fyrir (á tilsettum tíma) og mæta samkvæmt mætingaskyldu skólans til að öðlast próftökurétt.

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Kennari: Sigrún Ína Ásbergisdóttir (SÍA)

sigrun.ina.asbergisdottir@fsu.is